

Ákvæði um ráðstöfun styrkja úr Norræna menningarsjóðnum

1. Rafræn stjórnýsla og önnur samskipti við menningarsjóðinn

Styrkir menningarsjóðsins eru afgreiddir rafrænt gegnum vefsíðu sjóðsins. Hvert verkefni ær eigin síðu, s.k. „Min projektsíða“, þar sem hægt er að senda greiðslubeiðnir, lokaskýrslu og e.t.v. framvinduskýrslu.

Samskipti menningarsjóðsins við styrkþega fara að öðru leyti fram í tölvupósti. Í öllum erindum til sjóðsins þarf að gefa upp skjalsnúmer verkefnisins.

2. Sérstök skilyrði

Stjórn sjóðsins er heimilt að setja sérstök skilyrði fyrir styrkveitingu og eru þau þá tilgreind í tilkynningu um styrkveitingu. Sérstök skilyrði eru bindandi og koma til viðbótar starfsreglum sjóðsins.

3. Vísað til Norræna menningarsjóðsins

Í allri umfjöllun um verkefnið skal styrkveitingarinnar getið og merki Norræna menningarsjóðsins á að koma fram í öllu prentuðu máli, á vefsíðum o.þ.h. Merkið er hægt að nálgast á vef sjóðsins.

4. Samþykkt og greiðsla styrkja

Styrkþegar þurfa að útfylla og undirrita eyðublaðið „Accept“ og senda sjóðnum, e.t.v. ásamt endurskoðaðri fjárhags- og fjármögnunaráætlun, áður en hægt er að greiða styrkinn. Ef styrkir eru hærri en 100.000 DKK þurfa bæði ábyrgðarmaður verkefnisins og verkefnisstjóri að undirrita eyðublaðið (ef verkefnið er þannig skipulagt). Með undirskrift sinni skuldbindur fólk sig til að fylgja starfsreglum sjóðsins og þeim sérstöku skilyrðum sem sjóðurinn hefur e.t.v. sett fyrir styrkveitingunni.

Styrkir (allt að 100.000 DKK) eru greiddir í tveimur áföngum:

1. greiðsla, 85% upphæðar, er innt af hendi við upphaf verkefnis eða eigi fyrr en þremur mánuðum áður.
2. greiðsla, 15% upphæðar, er innt af hendi þegar sjóðurinn hefur samþykkt lokaskýrslu og reikninga verkefnis.

Styrkir (hærri en 100.000 DKK) eru greiddir í þremur áföngum:

1. greiðsla, 40 % upphæðar, er innt af hendi við upphaf verkefnis eða eigi fyrr en þremur mánuðum áður.
2. greiðsla, 45% upphæðar, er innt af hendi þegar sjóðurinn hefur samþykkt framvinduskýrslu.
3. greiðsla, 15% upphæðar, er innt af hendi þegar sjóðurinn hefur samþykkt lokaskýrslu og reikninga verkefnis.

5. Breytingar á verkefninu eða upplýsingum

Styrkþega ber að tilkynna sjóðnum eins fljótt og unnt er, skriflega í tölvupósti eða bréfapósti, ef breytingar verða á verkefninu. Þær geta varðað faglegt snið verkefnisins, sérstök skilyrði sem sjóðurinn hefur sett, tímaáætlun, þátttakendur, fjárhagsáætlun, fjármögnunaráætlun o.þ.h.

Þá ber að tilkynna um breytingar á skipulagi verkefnisins, verkefnisstjórn, nöfnum, heimilisföngum o.þ.h. (ábyrgðarmanns verkefnis og/eða verkefnisstjóra).

6. Framvinduskýrsla

Þegar styrkir eru hærrí en 100.000 DKK, getur 2. greiðsla ekki farið fram fyrr en sjóðnum hefur borist rafræn framvinduskýrsla í stuttu máli gegnum vefsíðu sjóðsins „Min projektside“. Þar er einnig greint frá hugsanlegum breytingum varðandi:

- umsjón verkefnis (ábyrgðarmann verkefnis og verkefnisstjóra),
- innihald verkefnis, framkvæmd og tímaáætlun,
- útgjöld og tekjur,
- markaðsáætlun.

7. Lokaskýrsla og reikningsskil

Hægt er að inna síðustu greiðslu styrks af hendi þegar sjóðurinn hefur samþykkt rafræna lokaskýrslu og reikninga verkefnisins sem borist hafa gegnum „Min projektside“ á vef sjóðsins. Frumrit af undirritaðri skýrslu endurskoðanda ber að senda með bréfaþósti. Þá þarf að senda staðfestingarbréf með undirskrift tengiliðar og e.t.v. verkefnisstjóra í venjulegum bréfaþósti til sjóðsins.

Skýrsla og reikningar þurfa að liggja fyrir eins fljótt og unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að verkefni lýkur. Lokadagur verkefnis er sá dagur sem gefinn er upp í umsókn, ef sjóðurinn hefur ekki samþykkt aðra dagsetningu.

Skýrsla

Í skýrslunni skal þess getið hvort verkefnið hefur gengið samkvæmt þeirri áætlun sem gefin var upp í umsókninni og kveðið á um í hugsanlegum skilyrðum sjóðsins, og samkvæmt framvinduskýrslunni. Skýrslunni fylgi skjöl sem sýna framkvæmd verkefnis, t.d. dagskrár, þátttakendalistar, blaðaúrklippur og annað viðeigandi efni.

Reikningsskil

Reikningar eiga að vera í samræmi við umsóknina, og skulu bæði tekjur og útgjöld koma skýrt fram. Hafi sjóðsstjórn sett skilyrði um að styrkurinn renni til ákveðinna kostnaðarliða, ber að tilgreina það sérstaklega og leggja við reikninga. Ef reikningar sýna að styrkurinn hafi að einhverju eða öllu leyti verið notaður til annars en ráðgert var er ekki hægt að samþykkja reikningana.

Athugið: Norræni menningarsjóðurinn og danska ríkisendurskoðunin geta farið fram á kvittanir þar til eitt ár er liðið frá reikningsskilum. Því þurfa styrkþegar að varðveita öll fylgi-skjöl og kvittanir í eitt ár eftir að reikningum hefur verið skilað.

Afgangur af styrksupphæð

Ef reikningar sýna að styrkurinn hafi ekki verið nýttur að fullu, er sjóðnum heimilt að draga afganginn frá lokagreiðslu eða krefjast endurgreiðslu á hluta greiddrar upphæðar. Hlutur sjóðsins í hagnaði er í samræmi við hlut sjóðsins í heildarfjármögnun verkefnisins.

8. Vottorð endurskoðanda

Styrkir allt að 50.000 DKK eru undanþegnir kröfu um endurskoðun. Fyrir alla styrki hærrí en 50.000 DKK gildir sú regla að löggildur endurskoðandi fari yfir og votti reikninga verkefnisins.

- Danmörk: Registreret revisor
- Finnland: HTM -tilintarkastaja (Suomen Kauppakamarin hyväksymä tilintarkastaja) / GRM- revisor (av Handelskammaren i Finland godkänd revisor)
- Ísland: Löggiltur endurskoðandi
- Noregur: Registrert revisor
- Svíþjóð: Godkänd revisor

Ekki er krafist endurskoðunar á reikningum verkefna þegar styrkþegi er stofnun sem skilar skýrslum beint til Norrænu ráðherranefndarinnar.

Nánari upplýsingar um endurskoðun reikninga verkefna er að finna í „Leiðbeiningum um endurskoðun“ sem sjóðurinn hefur gert.

Danska ríkisendurskoðunin fer yfir reikninga Norræna menningarsjóðsins.

9. Sýnishorn

Prentað mál, tímarit, geisladiskar o.þ.h. sem framleitt er með styrkjum frá sjóðnum ber að skila í tveimur eintökum. Óski sjóðurinn eftir fleiri eintökum er þess getið sérstaklega.

10. Opinber birting

Upplýsingar um umsóknir, styrkveitingar, lokaskýrslur o.fl. eru opinberar og er því heimilt að birta á vefsíðu Menningarsjóðsins eða á annan hátt.

11. Ógilding styrkveitingar - krafa um endurgreiðslu

Ef styrkir eru ekki nýttir innan tveggja almanaksára frá styrkveitingu falla þeir úr gildi og renna aftur til sjóðsins.

Ef styrkjum er ekki ráðstafað í samræmi við reglur sjóðsins, verða frekari greiðslur stöðvaðar og jafnvel krafist endurgreiðslu á greiddum upphæðum. Ef kröfu um endurgreiðslu er ekki sinnt sendir sjóðurinn hana til innheimtu.

Norræni menningarsjóðurinn

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími: +45 3396 0200

Bréfasími +45 3332 5636

kulturfonden@norden.org

www.nordiskkulturfond.org